

Hvernig Íslendingar gætu orðið forgöngubjóð og Ísland „Farsælda Frón“

I.

Adam Rutherford kemst svo að orði í ávarpi því, sem sjera Bjarni Jónsson flutti fyrir hönd hans í útvarpinu hjer, 2. júní 1939: Högum yðar Íslendinga „er nú þannig háttað, að yður er gefið tækifæri, sem ekki er veitt neinni annari þjóð í heimi“. (Sbr. Sannýal, s. 12).

Svo er að sjá sem lítið mark hafi hjer á landi verið tekið á orðum þessum, sem eru þó svo stórmerkileg. Því að það er ekki nokkur vafi á því, að hinn mikli spámaður hefir þarna satt sagt. Íslendingar eiga þess kost að hafa forgöngu í stærsta máli jarðar vorrar, því máli sem

varðar heill alls mannkyns meir en nokkurt annað. Og þarf varla að taka fram, að sú stofnun sem þarna ætti að beita sjer fyrir, er Alþingi. Alþingi gæti veitt fimm miljónir króna til að koma hjer upp fyrstu líffræðilegu stjórnustöðinni á þessari jörð. Mundi sú samþykkt verða víðfræg mjög og góðfræg, og með henni skifta alveg um fyrir þessari svo mikilvægu stofnun. Vegur Alþingis hefir, eins og allir vita, farið mjög hnignandi þessi síðustu misseri. En verði því tækifæri sætt sem hinn mikli spámaður á við, mundi skifta alveg um, svo að Alþing hjó nýja, sem á svo

skamt til 100 ára afmælis síns, einsog kunnugt er, mundi verða mjög miklu frægra en hið forna Alþingi Íslendinga, einsog framtíð íslenskrar alþjóðar mundi verða mjög miklu stórkostlegri en jafnvel sú fortíð hennar sem frægust er, en þar sem þó sundurlyndið spilti svo mjög, að jafnvel sá Íslendingur, sem var einn af stór-snillingum mannkynsins, og meir er að þakka en nokkrum ~~einn~~ manni öðrum, að íslensk þjóð er ennþá til, og íslensk tunga sem lifandi mál, var hjer drepin, einsog minst hefir verið fyrir ekki löngu. En sátt og samlyndi mun mjög einkenna líf þjóðarinnar á því Íslandi, sem með sanni verður hægt að kalla Farsælda Frón.

II.

Þörfin á því að íslenska þjóðin komist af ógæfuvegi er visslega mikil. Á því landi þar sem smábörn soðna til bana með nokkurra mánaða millibili, og ekki er heldur langt á milli óvæntra og herfilegra sjóslysa, er tilhneigingin til illvildar svo rík sem marka má af því, að varla getur menn greint svo á um málefni, að ekki verði af hatur og fúkyrðafjúk. Mun þar verða mikil breyting á, þegar hjálpin verður begin, sem verið er að reyna að veita oss, og þar

sem framkoma Adams Rutherford's er einn þátturinn, og sá sem ætla mætti að ekki væri auðvelt að komast hjá því að taka eftir og skilja. Hitt er von, að fremur sje misskilið, þegar sagt er að jafnvel hafi verið leitast við að nota styrjöldina til að koma fram nokkurri hjálp til þeirrar þjóðar, sem forsjónin — ef svo mætti að orði komast — hefir ætlað að vinna hið nauðsynlegasta verk í þágu alls mannkyns, en fátæktin hefir sligað meir en flestar aðrar.

III.

Mjer kom í hug að nefna fimm miljónir í þessu sambandi, þegar jeg heyrði þess getið, að inneign landsmanna í bönkum og sparisjóðum hjer heima fyrir mundi vera nálægt 500 miljónum króna. Og er það ekki af því, að ekki væri stjórnufræðistöðin verð ennþá meiri tilkostnaðar, slíkt happafyrirtæki sem hún mun reynast. Jeg þarf varla að taka það fram, að mjer kemur ekki til hugar að biðja um að mjer yrði þetta fje veitt. Virðist sjálfsagt, að til þess að annast þetta mál, væri kosin fjölmenn nefnd slíkra manna, sem helst væri ástæða til að treysta í þessu sambandi.

1. des. Helgi Pjeturs.